

Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, formanns Samfylkingarinnar, á fundi flokksstjórnar á Hótel Loftleiðum laugardaginn 27. mars 2010

Brýn verkefni framundan

Góðir félagar!

Í alþingiskosningunum síðastliðið vor var okkur falið stórt verkefni. Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingar græns framboðs tók fyrir 14 mánuðum við samfélagi í uppreisn og í upplausn. Svo vel var staðið að verki í minnihlutastjórninni að kjósendur fólu okkur að mynda fyrstu meirihlutastjórn jafnaðarmanna eftir vorkosningarnar.

Við vissum að þetta yrði erfitt verkefni. Við vissum að það yrði að taka óvinsælar ákvarðanir. Við vissum að uppgjör, endurreisn og uppstokkun myndu reyna á flokka okkar og almenning til hins ítrasta. Við vissum að við gætum aldrei fullnægt öllum óskum né komið til móts við alla hagsmuni.

Við vissum að stjórnvarandstaðan myndi ekki axla ábyrgð. Við gátum vitað að hrunflokkarnir myndu taka upp aðferðir Republikana í Bandaríkjunum og Íhaldsflokksins í Bretlandi í baráttu gegn ríkisstjórn. Við vissum að ekki yrði skirrst við að taka upp persónulegar árásir og gera út á óánægju fólks með sína erfiðu stöðu.

Hitt vissum við ekki að andstaða væri í öðrum stjórnarflokknum við mikilvæg verkefni í samstarfyfirlýsingu flokkanna. Þar á ég einkum við efnahagsáætlun Íslands og Alþjóða gjaldeyrisjódöðsins og lausn Icesave málsins. Hvorttveggja voru mál sem Alþingi hafði falið framkvæmdavaldinu að fylgja eftir og ríkisstjórnin var sammála um að ekki væri ráðlegt að skipta um hesta í miðri á úr því að lagt var í þá leiðangra að semja um Icesave málið og eiga samstarf um efnahagsáætlunina.

Ágreiningurinn um þessi mál hefur á undanförunum mánuðum veikt ríkisstjórnina og gefið færi á árásum á formenn stjórnarflokkanna. Það er miður en forystumenn flokka verða að þola bæði meðbyr og andbyr. Ef ekki blæs í seglin verður að krussa þar til hagstæður byr rennur á og það getur reynst bæði tafsamt og þreytandi.

Við vissum heldur ekki að forseti Íslands kysi að taka fjárstjórnarvaldið af Alþingi í erfiðri milliríkjadeildu. Það hefur þegar valdið miklum töfum á framgangi

efnahagsáætlunar okkar og verulegum fórnarkostnaði sem seint mun vinnast upp í samningum um Icesave hvenær sem þeir komast á.

Því miður er nú að koma á daginn, það sem ég varaði eindregið við í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar, að næðust ekki samningar fyrir hana væri alls óvíst um framhaldið. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa nú staðfest þetta og meðal annars sagt að engin líkindi séu á lausn fyrir en eftir kosningar í Bretlandi og Hollandi. Ríkisstjórnin mun á hinn bóginn knýja á um að Bretar og Hollendingar setjist að samningaborðinu að nýju og óskum þar að lútandi hefur verið komið á framfæri við þá. Boltinn er hjá þeim.

Ríkisstjórnin beinir nú kröftum sínum að því að rýmka möguleika Íslands til eðlilegra fjármálasamskipta við önnur ríki þrátt fyrir að Icesave deilan sé óleyst. Hvað sem líður samningsvilja Breta og Hollendinga eða stjórnarandstöðunnar á Íslandi, verður það verkefni ríkisstjórnarinnar að leita bestu lausna í stöðunni. Afgreiðsla annarrar endurskoðunar á efnahagsáætluninni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er þar forgangsmál sem verður að leysa.

Eins og fram hefur komið hjá Seðlabankanum þá mun áframhaldandi óvissa um aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum valda því að biðin eftir verulegum vaxtalækkunum, lægri verðbólgu, rýmkun gjaldeyrishafta og hagvexti verður lengri en ella hefði verið. Allt þetta tefur endurreisn atvinnulífsins, veldur því að fjárfestar halda að sér höndum þótt fé sé fyrir hendi, fyrirtæki ráðast ekki í aukin umsvif og verr gengur að vinna á atvinnuleysinu. ASÍ hefur haldið því fram að þetta hafi tafið endurreisnina um hálf t. ári. Þetta er dýrt, feykidýrt – og kostar þjóðarbúið milljarðatugi. Forystumenn allra orkufyrirtækja okkar hafa látið það koma fram að þeirra hefðbundnu lánveitendur haldi að sér höndum þar til Icesave deilan leysist. Og bæði ASÍ og Samtök atvinnulífsins gera sér grein fyrir því að fjármögnunarvandi orkufyrirtækjanna og stærstu fyrirtækja landsins mun vara þar til við fáum botn í þessu mál.

Góðir félagar

Ríkisstjórnin var mynduð til þess að koma á velferðarstjórn að norrænni fyrirmynd, hreinsa til eftir óstjórn fyrri ára og endureisa atvinnulífið. Mér er ekki gefið um að hætta leiðangri sem hafinn er. Stuðningsmenn stjórnarinnar meðal almennings eiga rétt á skýrum svörum og ég tel að staða okkar í skoðanakönnunum um þessar mundir endurspegli óvissu um það hvert stefnir hjá ríkisstjórninni. Við þurfum því að þetta raðirnar

stjórnarliðar til þess að takast á við þau fjölbreyttu umbótaverkefni sem framundan eru. Við munum mæta margvíslegri andstöðu hjá hagsmunahópum við þá uppstokkun sem lofað hefur verið og nauðsynleg er t.d. í ríkiskerfinu og fiskveiðistjórnunarkerfinu. Andstöðu sem tekur ekki mið af heildarhagsmunum heldur sérhagsmunum og vörn fyrir forréttindi. Allt mun það rata sína leið gegnum fjölmiða og áróðusherferðir gegn stjórnvöldum. Um það getum við verið viss.

Því ríður á að við stöndum saman stjórnarliðar og látum ekki slá okkur út af laginu. Ég útiloka ekki breytingar á ríkisstjórn og tilfærslu á málaflökkum ef það mætti verða til þess að skapa hreinar línur og eyða óvissu um framtíð ríkisstjórnarinnar. Ég tel einnig að við þurfum að taka sóknjarfar ákvarðanir um uppstokkun í stjórnkerfinu og ljúka því verki sem fyrst. Liður í því á að mínum dómi að vera fækkun ráðherra úr 12 í 9 og sameining ráðuneyta þannig að til verði innanríkisráðuneyti, atvinnuvegaráðuneyti og velferðarráðuneyti. Minn vilji er að það verði strax á þessu ári.

Forsenda þess að nokkur ríkisstjórn geti komist í gegnum þau erfiðu verkefni og þá pólitísku brimskafla sem Íslendingar þurfa að fara í gegnum er skýr framtíðarsýn, og óbilandi stuðningur stjórnarflokkanna til að fylgja henni eftir - hvað sem á dynur. Þannig stuðning verður ríkisstjórnin að hafa, bæði í þingliði stjórnarflokkanna og að sjálfsögðu hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Það verður að gera þá kröfu til stjórnarliða og ekki síst ráðherra í ríkisstjórn að þeir virði trúnað við samstarfssamning stjórnarflokkanna – annað er ávísun á ófrið og sundrunu. Þar liggur vegur hrunflokkanna til valda á nýjan leik. Það má ekki gerast !

Það heldur engin ríkisstjórn það út til lengdar að búa við óvissan og ótraustan meirihluta í stórum og erfiðum málum. Á óvissu og erfiðleikatímum er það lykilatriði að ríkisstjórn hafi traust og fast land undir fótum. Hoppandi meirihlutar á Alþingi duga skammt við aðstæður eins og okkar þjóð er í nú og of mikil orka og tími fer í að smala þeim saman og ná málum í gegn. Ein flokkssystir okkar orðaði þetta ágætlega þegar hún sagði að þetta væri “eins og að smala köttum“.

Góðir fundarmenn!

Við getum fagnað því að íslenskt atvinnulíf er þróttmikið og býr yfir mikilli aðlögunarhæfni. Vinnumarkaður er sveigjanlegur og fólk sýnir því ótrúlegt umburðarlyndi að kaupmáttur þess gagnvart útlöndum hefur rýrnað um helming á stuttum tíma vegna gengisfallsins. Þetta hjálpar okkur til þess að ráða fram úr áhrifunum af falli

fjármálakerfisins og hruni byggingariðnaðarins. En munum það að þetta gerist innan múra gjaldeyrishafta og þvingana sem þrengja að opnum og alþjóðlegum viðskiptum til langframa. Hættan er líka sú sem atvinnurekendur gera sér vel grein fyrir að eftir fjörkipp sem lágt gengi skapar útflutningsatvinnuvegunum komi stöðnun og afturkippur vegna atvinnuþróunar í skjóli hafta.

Á ársfundi Samtaka iðnaðarins nýverið líkti Jón Sigurðssonar, forstjóri fyrirtækisins Össurar, ástandinu á Íslandi við gróðurfar í gömlum árfarvegi sem er nærri uppþornaður en þar sem hamfarafloð verða öðru hverju. Meðan ekki gengur á með stórflóðum þrífst fjölskrúðugur og blómlegur lággróður í árfarveginum en hann sópast allur burt í flóðunum. Gengisfellingar, viðskipthali, hágengisstefna eða láglaunastefna, allar þessar sveiflur og flóð þekkjum við. Rétt einn ganginn erum við að mati Jóns að koma okkur fyrir í árfarveginum en ætlum ekki að byggja á traustari grunni, tryggja okkur stöðugra umhverfi, styrkari gjaldmiðil, örugga samstarfsaðila og alþjóðlegan bakhjarl fyrir efnahagsstarfseminni.

Þessi forystumaður sem byggt hefur upp traust fyrirtæki sagðist varla trúa því enn að Sjálfstæðisflokkurinn skyldi hafa tekið upp vaðmálsþólitík Jónasar frá Hriflu og einangrunarstefnu í efnahagsmálum. Ég get þó sagt Jóni í Össuri til hughreistingar að ég hef tekið eftir því að formaður Sjálfstæðisflokksins, getur skipt um skoðun. Hver veit hvað gerist ef hann hristir af sér Hádegismóana?

Við Samfylkingarfólk höfum barist fyrir því að hefja íslenskt atvinnulíf upp á árbakkann, tryggja efnahagslífinu alþjóðleg fjármálatengsl og eiga samstarf við grannþjóðir okkar í Evrópu á jafnréttisgrundvelli. Þess vegna höfum við knúið það í gegn að gengið verði úr skugga um það hvort Ísland geti náð aðildarsamningi við Evrópusambandið sem tryggi hagsmuni landsmanna. Við þurfum traustari grundvöll og möguleika á að taka upp alþjóðlegan gjaldmiðil til þess að hér geti orðið efnahagslegur stöðugleiki og sterk atvinnuþróun til framtíðar. Það er skynsamlegt að stefna að því á næstu árum samhliða aðildarviðræðum að uppfylla Maastricht skilyrði Evrópusambandsins í efnahagsmálum. Þá eigum við það val í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninga að fara eigin leiðir í gamla árfarveginum eða byggja með reisu á árbakkanum sem fullgildir aðilar að ESB. Þar telur Samfylkingin skynsamlegt að byggja.

Kæru félagar!

Þann 10. mars 2004 – nærri fjórum árum fyrir hrun bankanna – ræddi ég ógnvekjandi vöxt á skuldastöðu þjóðarbúsins og skuldum heimilanna. Ég hélt því fram að það væri full ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvað svona gríðarlegt erlent fjármagn hefði á efnahagslífið, gengi króunnar, stöðugleika, verðbólgu og viðskiptahalla. Og ég spurði: Hvaða áhrif hefur það þegar erlent lánsfé er farið að halda uppi neyslu og fjárfestingum landsmanna? Hvaða áhrif hefur það þegar einstaklingar og fyrirtæki taka mikla gengisáhættu í lánveitingum og vaxtaákvörðanir erlendra Seðlabanka hafa meiri áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins en vaxtasákvörðanir Seðlabanka Íslands?

Ég benti á að erlend fjármögnun hefði verið nýtt til skuldsettrar yfirtöku hlutafélaga, sem haldið hefði uppi gengi hlutabréfa og það síðan orðið hvati til aukinnar erlendra lántöku. Og ég spurði enn: Hvaða afleiðingar hefur það þegar hægir á erlendum lántökum? Svar mitt var þetta: „Væntanlega munu hlutabréfin verðfalla og gengið lækka, sem og að fasteignir lækka í verði. Aukin veðhæfni eigna á undanförunum misserum m.a. vegna mikils innflæðis á erlendum endurlánnum, gæti síðan við lökkun á fasteignaverði leitt til yfirveðsetningar á fjölda fasteigna.“

Það er grátlegt að allt þetta sem var fyrirséð þegar 2004 skuli hafa komið fram og sé nú sá veruleiki sem tugþúsundir Íslendinga glíma við. En ég minni á þetta hér vegna þess að bæði stjórnmalaflokkar og ýmis hagsmunasamtök virðast hafa komið sé upp allsherjar söguleysi í umræðum um þessi mál. Það er eins og að tvíburakreppan, gjaldeyris- og fjármálakreppan, hafi dottið af himnum ofan í október 2008, hafi hún þá ekki byrjað við tilkomu núverandi ríkisstjórnar. Nei því miður, okkar vandi var og er uppsafnaður vandi frá óstjórnarárum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks – niðurstaðan af hrunadansi helmingaskiptaflokkanna og skipbroti einkavinavæðingar bankanna og nýfrjálshyggju í efnahagsmálum.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kemur út 12. apríl næstkomandi.

Við í Samfylkingunni leggjum mikla áherslu á að niðurstöðurnar verði nýttar á uppbyggilegan hátt til að koma í veg fyrir að svona kerfishrun geti endurtekið sig.

Fjölmarginir hafa þegar fjallað um hrun fjármálakerfisins og það er nær einróma niðurstaða að ræturnar megi rekja allt aftur til þess hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna upp úr aldamótum.

Ljóst er að rætur bankahrunsins verða ekki skildar til fullnustu án ítarlegrar rannsóknar á því hvernig einkavæðing bankanna gat af sér ofvaxið og áhættusækið fjármálakerfi sem

einkenndist af krosseignatengslum, lánum til tengdra aðila og risablokkum sem teygðu anga sína bæði inn í stjórnsmál og stjórnsýslu og tóku í raun völdin af pólitíkinni.

Það verður forvitnilegt að sjá hvernig þessu verða gerð skil í rannsóknarskýrslunni, en ég hef þegar ákveðið að verði þau ekki ítarleg mun ég beita mér fyrir setningu laga um sérstaka rannsókn á einkavæðingunni.

Við þingmenn jafnaðarmanna sem vorum á vettvangi í kringum einkavæðinguna gagnrýndum það ferli harðlega og lögðum ítrekað áherslu á að tryggja yrði dreifða eignaraðild og stórefla eftirlit með fjármálastarfsemi til að koma í veg fyrir að hér yrði enn frekari samþjöppun fjármagns og valda í samfélaginu í anda hinnar hefðbundnu helmingaskiptapólitíkur.

Við óttuðumst að pólitískir hagsmunir myndu enn og aftur ráða ferðinni í ferlinu. Það er athyglisvert í þessu samhengi að enn hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki treyst sér til þess að gera grein fyrir fjárframlögum sem hann fékk á tímum þegar stórir hagsmunaaðilar voru á höttunum eftir eignum ríkisins. Miðað við hlutfall annarra flokka milli framlaga til landsskrifstofu og svæðafélaga þá vantar hundruð milljóna króna inn í uppgjör Sjálfstæðisflokksins. Það er verulegt áhyggjuefni og Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki komast upp með annað en að gera fullkomlega hreint fyrir sínum dyrum.

Við höfðum líka af því áhyggjur allt frá upphafi að ábyrgð ríkisins á einkavæddu bankakerfi væri óljós og svo gæti farið að einkaaðilar græddu á því í nokkur ár en svo þegar illa færi fengju skattgreiðendur og ríkissjóður reikninginn. Sá ótti reyndist því miður á rökum reistur.

Við fluttum einnig tillögu til þingsályktunar um rannsókn á þróun valds og lýðræðis í kjölfar samþjöppunar fjármagns og valda í fjármálakerfinu. Illu heilli hlaut þessi tillaga okkar ekki brautargengi frekar en aðrar um eflingu eftirlits og viðbúnað vegna þróunarinnar.

Við Samfylkingarfólk hljótum að fagna því að sagan um það hvernig völd í viðskiptum, stjórnsmálum og stjórnsýslu voru ofin saman verði rannsökuð og birt í heild. Við kveinkum okkur heldur ekki undan því að okkar hlutur verði dreginn fram í samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn um ríkisstjórn 2007 – 2008. Enda þótt eftirlitsstofnanir væru þá stórefldar og gripið til varúðarráðstafana t.d. með því að heimila stærsta gjaldeyrslán í sögunni og banna kaup á hollenskum banka þá varð hrunadansinn ekki stöðvaður.

Nú höfum við einstakt tækifæri til að læra af mistökum undangenginna áratuga og leiða endurreisnarstarf þar sem byggt verður á gegnsæi, heiðarleika, fagmennsku og lýðræði. Á því þarf þjóðin að halda til að gera upp við fortíðina, ná sáttum á ný og tryggja varanlega velferð og vinnu.

Góðir félagar!

Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi aukist hratt undanfarna mánuði þá hefur hækkunin ekki verið meiri en búast mátti við út frá árstíðarbundnum sveiflum og nemur nú 9,3%. Margt bendir til þess að aukinn stöðugleiki sé á vinnumarkaði og ekki sama hrun og við sáum í upphafi árs 2009. Aukið langtímaatvinnuleysi er okkar mesta áhyggjuefni, þar sem um helmingur atvinnulausra hefur verið án vinnu í a.m.k. sex mánuði og þriðjungur án atvinnu í ár eða lengur. Þess vegna leggur ríkisstjórnin höfuðáherslu á að halda tengslum fólks við atvinnulífið og nú um þessar mundir á sér stað mikið átak meðal ungs fólks til þess að tryggja það markmið. Við megum aldrei sætta okkur við langtíma atvinnuleysi fólks!

Ég hef góðar vonir um að atvinnuástand glæðist með vorinu þar sem mikill gangur er í útflutningsatvinnuvegum eins og ferðamennsku, sjávarútvegi og áliðnaði. Skortur á aflaheimildum í sumar er áhyggjuefni og hlýtur að verða til þess að gerð verði sérstök athugun á því hvort hægt sé að auka aflaheimildir tímabundið til að kljást við þann vanda innan fosvaranlegra marka.

Á næstu vikum mun ríkisstjórnin kynna margvíslegar aðgerðir í atvinnumálum sem snúa m.a. að vegagerð og samgöngumálum, atvinnumálum námsmanna, byggingarframkvæmdum á vegum opinberra aðila, viðhaldsframkvæmdum og öðru sem tengist háannatímanum í sumar og fram á haust. Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu hjúkrunarrýma og í alvarlegri athugun er að ráðast í byggingun nýs fangelsis sem lengi hefur staðið til.

Byggingariðnaðurinn er sérstakt vandamál sem ríkisstjórnin hefur fengist við t.d. með því að ýta undir viðhaldsframkvæmdir um land allt með afnámi virðisaukaskatts. Það kemur einnig til greina að veita þeim einstaklingum og fyrirtækjum skattafslátt sem leggja í slíkar framkvæmdir. Á vegum stjórnvalda og í samvinnu við sveitarfélögin er verið að vinna að áætlun um stórfelldar flýtiframkvæmdir í viðhaldsmálum sem verður mjög umfangsmikil og mannaflafrek.

Ríkisstjórnin hefur nýverið kynnt fjölbættar aðgerðir til þess að auka kraftinn í frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og þróun um land allt undir forystu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Mikill árangur hefur orðið á þessu sviði og fjölgar störfum nú ört í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi. Ný lög um ívilnanir til fjárfestinga í frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækjum ýta undir þessa þróun og nú hefur ríkisstjórnin lagt fyrir Alþingi frumvarp sem felur í sér rammalög um hvata til fjárfestinga á Íslandi sem munu hafa jákvæð áhrif. Þá er verið að undirbúa Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar til stórfelldrar uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Framkvæmdir í orkugeiranum geta ráðið úrslitum um ástandið í atvinnumálunum. Nauðsynlegt er að vekja athygli á því að framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar vegna Búðarhálsvirkjunar verða nákvæmlega eins og gert er ráð fyrir í stöðugleikasáttmálanum á þessu ári. Framhaldið ræðst síðan af því hvort orkusölusamningar nást fyrir vorið og af ákvörðunum Rio Tinto Alcan um stækkun álversins í Straumsvík sem ekki verða teknar fyrir en síðar í vor eða haust. Þegar er hafin vinna við úrbætur á rafbúnaði álversins.

Atvinnuástandið á Suðurnesjum er sérstakt viðfangsefni. Þegar alþingi hefur afgreitt fjárfestingarsamning vegna Verne Holding mun ekkert standa í vegi fyrir starfrækslu gagnavers á Keflavíkurflugvelli. Stærsta hindrunin í vegi áforma um byggingu álvers í Helguvík um þessar mundir er sú ákvörðun Orkuveitu Reykjavíkur að ráðstafa, amk tímabundið, orku frá ráðgerðri Hverahlíðarvirkjun til annars verkefnis. Atvinnurekendur eru enn að býsnast yfir Suðvesturlínu sem löngu er búið afgreiða leyfi fyrir. Önnur verkefni sem tengjast Helguvík eru í vinnslu og ættu hvorki að tefja ákvörðanatöku né undirbúning framkvæmda. En atvinnurekendur virðast ekki hafa tekið eftir því að HS Orka er einkafyrirtæki sem er í fjárhagslegri og eignarhaldslegri endurskipulagningu og þarf að gera samninga við sveitarfélög á Reykjanesi um orkuöflun. HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur gerðu upphaflega samninga um orkuöflun til 250 þúsund tonna álvers í Helguvík sem hefur öll leyfi til starfsemi. Ríkisstjórnin stendur þar ekki í veginum á nokkurn hátt en fylgist vel með og er reiðubúin að leggja hönd á plóginn ef með þarf.

Góðir félagar!

Samfylkingin hefur allt frá hruni verið leiðandi afl í að móta fjölbreyttar og beinskeittar aðgerðir til að bregðast við þeim mikla skuldavanda sem efnhagskollsteypan hefur kallað yfir heimili þessa lands. Frá fyrsta degi höfum við sagt að sameiginlegt verkefni okkar við stjórn landsins sé að tryggja að þau heimili sem komast í vanda vegna hrunins verði aðstoðuð eftir þörfum.



Á þesum tæpu 18 mánuðum sem liðnir eru frá hruni bankakerfisins hafa stjórnvöld gripið til yfir 50 einstakra aðgerða og laga- og reglugerðabreytingar vegna þessa skipta tugum. Ég leyfi mér að fullyrða að hvergi í hinum vestræna heimi hafa stjórnvöld gripið til eins viðamikilla aðgerða til að koma til móts við skuldavanda heimila, og hér hefur verið gert að undanfögnu. Ég leyfi mér líka að fullyrða að þúsundum heimila hefur verið bjargað frá fjárhagslegu skipbroti, húsnæðismissi og upplausn vegna þessara aðgerða.

Nú þegar hafa að lágmarki um 60-80 þúsund manns notið úrræðanna og reiknað er með að hækkaðar vaxtabætur, lækkun dráttarvaxta og útborganir séreignarsparnaðar vegna úrræðanna nemi 45-50 milljörðum króna. Þá eru ótalin þau fjölmörgu viðbótarúrræði sem ríkisstjórnin kynnti í þessum mánuði og verið er að innleiða á vettvangi Alþingis og víðar og sem eiga eftir að koma til framkvæmda. Enn hafa bankar og fjármálastofnanir ekki klárað fjárhagslega endurskipulagningu nema hjá hluta sinna viðskiptavina. Og með nýrri leið í greiðsluáðlögun og úrræðum vegna bílalána fer að reyna í alvöru á afskriftir til einstaklinga.

Þingið mun nú fá til meðferðar þær fjölþættu leiðir sem ríkisstjórnin hefur undirbúið og ég hef trú á því að áður en það fer heim í vor verði búið að ganga eins tryggilega frá málum eins og hægt er á þessu sviði. Ég tel góðar horfur á því að hægt sé að vinna heiðarlega og vel að því að greiða úr skuldavanda heimilanna í þverpólítískri sátt á Alþingi.

Góðir fundarmenn!

Ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að fækka eigi ráðherrum og ráðuneytum og setja á fót ný ráðuneyti sem endurspeglar betur þarfir samfélagsins í dag.

Velferðaráðuneyti verði myndað með sameiningu féalgs- og tryggingamála- og heilbrigðisráðuneytis, nýtt atvinnuvegaráðuneyti verði til með sameiningu iðnaðar- og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og þá muni innanríkisráðuneyti myndað við sameiningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

Sameiningar þessara ráðuneyta opna á nýja nálgun við framkvæmd stjórnsýslu og veitingu þjónustu með samstarfi og sameiningu stofnana sem undir ráðuneytin heyrja.

Sé horft til þess að ríkisstofnanir eru í dag um 200 talsins og margar þeirra sinna svipuðum verkefnum er ljóst að ná má fram verulegri langtíma hagræðingu í rekstri með því að sameina

stofnanir og endurskoða verkaskiptingu á milli þeirra. Ég tel að það sé raunsætt markmið að fækka ríkisstofnunum um 30 -40% á næstu 2 – 3 árum.

Óhætt er að segja að hér yrði um að ræða umfangsmestu breytingar og uppstokkun sem átt hefur sér stað í ríkisrekstri á Íslandi. Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga verðum við með öflugra og sveigjanlegra stjórnkerfi en áður sem er betur í stakk búið til þess að takast á við breytingar og áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér.

Með þessu gengi ríkisstjórnin fram fyrir skjöldu í uppstokkun ríkiskerfisins sem þarf að verða einfaldara, skilvirkara og ódýrara en nú er.

Ljóst er einnig að stjórnkerfið, stjórnsýslan og stofnanakerfi ríkisins í heild þarfnast gagngerrar skoðunar í kjölfar hrunsins. Það þarf að endurskoða vinnubrögðin, auka gagnsæið og faglega og opinskáa umfjöllun um grundvallarmálefni.

Ég flutti fyrir 13 árum þingsályktunartillögu um starfsskilyrði stjórnvalda þar sem lagt var til að fjallað yrði um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu, einkum varðandi embættisveitingar í æðstu stöður stjórnkerfisins og ráðstöfun opinberra fjármuna, hvernig koma megi í veg fyrir hagsmunaárekstra í stjórnsýslunni og viðskiptalífi og draga úr stjórnámálalegum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu.

Þessi tillaga var samþykkt og unnin á grundvelli hennar skýrsla og tillögur til úrbóta á stjórnkerfinu af Páli Hreinssyni formanni rannsóknarnefndar Alþingis fyrir meira en áratug síðan

Ég er nú að vinna að því að þessar tillögur komist til framkvæmda, en þær hafa rykfalið í hillum stjórnarráðsins í meira en áratug. Enda þótt tóm mál sé að tala um það nú þá er ég viss um að hefðu þær fyrir komið til framkvæmda hefðu þær getað haft veruleg áhrif til að draga úr hruninu og skapa meiri stjórnfestu í stjórnsýslunni en verið hefur.

Góðir fundarmenn!

Fiskistofnarnir í íslenskri lögsögu eru sameign þjóðarinnar. Í stað þess að vinna að því með stjórnvöldum að koma skynsamlegu fyrirkomlagi á nýtingu þessarar auðlindar kjósa kvótahafar að hefja alsherjar áróðursstríð sem miðar greinilega að því að fella ríkisstjórnina og koma hrunflokkunum aftur til valda. Þeir eru vanir því að segja stjórnarráðinu fyrir verkum og una því illa að þeim sé ekki hlýtt. En á minni vakt er það ekki LIU sem stýrir í stjórnarráðinu.

Munum að stjórnmalaflokkar þurfa nú samkvæmt lögum að gera grein fyrir því hvernig þeir afla fjár og verja því. Hvernig væri að hagsmunasamtök væru skylduð til hins sama? Getum við fengið að sjá hvað áróðursstríð LÍÚ greifanna kostar? Hvernig væri að gera einu sinni kröfur til þeirra sjálfra?

Ég hef mikinn skilning á því að öflug fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki þurfa stöðugleika og fyrirsjáanleika í rekstri til þess að þau geti sinnt mörkuðum sem þau hafa aflað á jafnan og skilvirkan hátt. Við eigum að styðja þau til þess.

Ég hef hins vegar enga samúð með því hvernig útgerðarmenn hafa ráðskast með kvótann á undanförunum árum, leigt hann, selt hann, veðsett hann, braskað með hann og stundað glæfraspil með fjármuni úr sjávarútvegum í óskyldum greinum. Allt á grundvelli sameignar þjóðarinnar sem þeim hefur verið trúað fyrir. Nú standa þeir uppi stórskuldugir og þurfa að eigin sögn á 100 milljarða króna afskriftum að halda til þess að geta haldið fyrirtækjunum gangandi.

Í þessari stöðu eiga menn ekki að leggjast í áróður og blekkja fólk til stuðnings við sig. Menn eiga að hverfa frá villu síns vegar og setja mál í þann sáttafaveg sem ríkisstjórnin hefur reynt að stýra þeim í. Útgerðarmenn hafa svarað öllum tillögum stjórnvalda með hótunum. Það er stundum stór á þeim kjafturinn eins og á skötuselnum!

En við eigum ekki að kippa okkur upp við stóryrði útgerðarmanna enda þótt þeir hafi hrætt Samtök atvinnulífsins til örþrifaráða og ógnana við stöðugleikann. Ákvörðun Alþingis um skötuselinn fól í sér heimildarákvæði til bráðabirgða og enn er tími til þess að semja og sættast á mál ef útgerðarmenn láta svo lítið.

Það er líka góð leið til þess að útkljá áratuga deilur um innköllun aflaheimilda og endurúthlutun þeirra að láta kjósendur um að leiða málið til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ágætu flokkssystkin!

Sveitarstjórnarkosningar eru framundan og um allt land býður Samfylkingin fram glæsilega lista í eigin nafni á flestum stöðum en einnig í samvinnu við aðra. Starfið í sveitarstjórnunum hefur frá upphafi verið burðarás í Samfylkingunni. Margir helstu forystumenn flokksins hafa fengið skólun sína og reynslu í sveitarstjórnunum. Þess vegna hefur okkar fólk gott jarðsamband og er fyrst og fremst praktískt og lausnamiðað eins og menn venjast við í sveitarstjórnunum.

Góðir félagar!

Við sjáum vel að það skiptir máli hverjir stjórna í sveitarfélögum. Hrunflokkarnir hafa tekið yfir Reykjavík og þar heldur frjálshyggjan innreið sína. Helsta áhugamál borgarstjórnar virðist vera að fjölga golfvöllum í Reykjavík meðan áhuginn á því að halda uppi velferðarþjónustu og stjórn í þágu barna og unglunga hefur dvínað verulega. Gegn hrunflokkunum í borgarstjórn Reykjavíkur og annarsstaðar á landinu mun Samfylkingin tefla baráttumálum sínum sem tengjast vinnu, börnum og velferð.

Það er raunar sérstakt markmið í sveitarstjórnarkosningum eins og í landsstjórninni að halda þannig á málum að Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn nái ekki að læsa saman klónum. Við höfum reynslu af helmingaskiptum þessara flokka. Þau leiða til ófarnaðar, hvort sem er hjá borg eða ríki. Það er vegna þess að með samstarfi þessara flokka þá ná sérhagsmunaöflin á Íslandi að ráða landinu og setja sérhagsmuni og forréttindi í stað almannahagsmuna. Sérhyggjan verður allsráðandi þangað til næsta hrun, næsta strand, næsta flóð sópar burtu öllu og hrifsar til sín allan ávinning af striti alþýðu manna til þess að bæta sín kjör og sína stöðu.

Við þökkjum þennan hrunadans og við skulum koma í veg fyrir að hann verði stiginn áfram!

Við skulum leggja allt í sölurnar til þess að vinna góðan sigur í sveitastjórnarkosningunum í vor!

Fram til sigurs, Samfylkingarfólk!